



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 27. júní, 2008

Ákvörðun nr. 42/2008

### **Samruni Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. og Rafteikningar hf.**

#### **I.**

Með bréfi Gunnars Sturlusonar hrl., dags. 29. febrúar 2008, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. (VST) og Rafteikningar hf. (RT) sbr. 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga (hér eftir nefndir samrunaaðilar). Bréfinu fylgdi samrunaskrá þar sem framsetningin miðast við viðauka í reglum nr. 881/2005.<sup>1</sup> Samrunaskránni fylgdu ýmis gögn um samrunana, s.s. samrunaáætlun, samningur um sameininguna, viljayfirlýsing auk frekari gagna um bæði félögin, s.s. skýrslur Lánstrausts hf. um félögin og hlutafélagabátttöku stjórnarmanna þeirra. Þá fylgdu ársreikningar beggja félaganna vegna árana 2005 og 2006 þar sem er m.a. að finna upplýsingar um veltu þeirra, ásamt drögum að ársreikningum fyrir árið 2007. Segir að um sé að ræða sameiningu ofangreindra félaga með þeim hætti að RT gangi inn í VST og að félögin verði sameinuð undir nýju nafni á grundvelli XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hluthafar í RT fái nýtt hlutafé í sameinuðu félagi, VST-Rafteikningu hf. sem greiðslu fyrir hluti sína. Eignarhlutur hluthafa í sameinuðu félagi ráðist af eignarhlut fyrir sameiningu í hvoru félagi fyrir sig og því skiptihlutfalli sem hluthafar hafi samþykkt.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 5. mars 2008, tilkynnti eftirlitið málsaðilum að fullnægjandi tilkynning um samruna hefði borist stofnuninni og að 30 daga frestur sá sem Samkeppniseftirlitið hefði til þess að taka afstöðu til samrunans, sbr. 17. gr. samkeppnislaga, miðaðist við dagsetningu á tilkynningunni.

Með bréfi, dags. 28. mars 2008, tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

#### **II.**

Samrunaaðilar eru tveir, VST og RT sem báðir starfrækja verkfræðistofur. Í samrunatilkynningunni kemur fram að starfsemi VST sé skipt upp í sjö svið, burðarvirkjasvið, byggða- og umhverfissvið, rafmagnssvið, stóriðjusvið, verkefnastjórnunarsvið, véla- og lagnasvið og virkjanasvið. Tilgangur VST

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



samkvæmt samþykktum félagsins sé að veita ráðgjafarþjónustu í verkfræði. Aðalstöðvar séu í Reykjavík og útibú annars staðar eftir því sem ástæða þyki til.

Um RT segir að starfsemi fyrirtækisins sé skipt upp í fjögur svið, byggingasvið, orkusvið, stjórnkerfasvið og innri þjónustu auk útibúa og starfsemi erlendis. Tilgangur RT sé rekstur verkfræðistofu, kaup, sala og rekstur fasteigna og bifreiða, lánstarfsemi og annar skyldur rekstur.

Í tilkynningunni kemur fram að þótt bæði félögin sinni ráðgjöf á sviði verkfræði þá starfi þau að miklu leyti á mismunandi sviðum. RT sinni ráðgjöf á sviði rafmagnsverkfræði en VST alhliða verkfræðiráðgjöf þó síst á sviði rafmagnsverkfræði. Segir að félögin bæti því hvort annað upp og sameinað félag muni geta veitt viðskiptavinum betri heildarþjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Um markmið samrunans segir að eftirspurn eftir verkfræðiþjónustu hafi aukist verulega bæði hér á landi og erlendis. Þá hafi umfang einstakra verkefna líka aukist mikið. Verkfræðistofur verði því að stækka og hafa fleira starfsfólk með sérhæfingu á ólíkum sviðum til að geta sinnt auknum og stærri verkefnum í samræmi við kröfur verkkaupa um gæði ráðgjafar og tíma. Samruni aðila sé í raun óhjákvæmileg afleiðing þessarar þróunar.

Jafnframt segir að samruninn muni hafa í för með sér augljós samlegðaráhrif vegna sameiningar stoðþátta reksturs, minni stjórnunarkostnaðar og samnýtingu rekstrartækja.

### III.

Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur samruni VST og RT í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftilit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samruni muni, sem slíkur, hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim markaði sem um ræðir bendir sem slík ekki til markaðsráðandi stöðu.

Í máli þessu er þó rétt að líta til félagsins HRV ehf.. Það félag er í eigu VGK-Hönnunar ehf., Rafhönnunar hf. og VST og felur í sér samvinnu þessara aðila á sviði stóriðjuverkefna. Eigendur HRV eru öflugir aðilar og með samruna þessum hefur átt sér stað samþjöppun á markaðnum. Í ljósi þessa kann að vera ástæða til þess að taka til skoðunar í öðru máli hvort samvinna og hagsmunatengsl sem



leiða af HRV geti raskað samkeppni í skilningu 10. gr. samkeppnislaga í verkfræðiþjónustu hér á landi.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna VST og RT á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

**IV.  
Ákvörðunarorð:**

**„Með samningi dags. 29. febrúar 2008, var ákveðið að sameina Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. og Rafteikningu hf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson